

Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 11. desember 2024

Mál nr. E-2290/2024:

Samskip hf.

(Hörður Felix Harðarson lögmaður)

gegn

Eimskipafélagi Íslands hf. og Vilhelm Má Þorsteinssyni

(Ásgeir Þór Árnason lögmaður)

Úrskurður

- Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 11. nóvember 2024 um frávísunarkröfu stefndu, var höfðað af Samskipum hf., Kjalarvogi 7–15, Reykjavík, 9. apríl 2024 á hendur Eimskipafélagi Íslands, Sundabakka 2, Reykjavík, og Vilhelm Má Þorsteinssyni, [...].
- Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að stefndu beri óskipta bótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna skriflegrar sáttar sem stefndi Eimskipafélag Íslands hf. og Samkeppniseftirlitið gerðu með sér 16. júní 2021, þar sem stefndi Eimskipafélag Íslands hf. lýsti því yfir að hafa átt í samráði við stefnanda á tímabilinu 2008 til 2013 andstætt 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 53. gr. EES-samningsins, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1993, m.a. með því að:
 - félögin hafi átt í samráði á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi,
 - félögin hafi haft samráð um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum,
 - félögin hafi átt í samráði um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum,
 - félögin hafi haft samráð um landflutningaþjónustu á flutningaleiðum á Íslandi og skiptingu á mörkuðum á tilteknum flutningaleiðum,
 - félögin hafi átt í samráði um sjóflutninga milli Íslands og annarra Evrópulanda, um gagnkvæma leigu eða lán á gámum og aðrar aðgerðir sem miðuðu að því að raska samkeppni í flutningaþjónustu, og
 - félögin hafi haft samráð um sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku.

Þá krefst stefnandi þess jafnframt að viðurkennt verði með dómi að stefndu beri óskipta bótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna 3. mgr. 3. gr. í sátt stefnda Eimskipafélags Íslands hf. og Samkeppniseftirlitsins frá 16. júní 2021 þar sem stefndi Eimskipafélag Íslands hf. skuldbatt sig til að hætta viðskiptalegu samstarfi við stefnanda.

Stefnandi krefst þess einnig að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða félaginu málskostnað að skaðlausu.

3. Stefndu krefjast þess að málinu verði vísað frá dómi. Þá krefjast stefndu þess að stefnanda verði gert að greiða þeim sameiginlega málskostnað.
4. Af hálfu stefnanda er í þessum þætti málsins gerð krafa um að kröfu stefndu um frávísun málsins verði hafnað og að tillit verði tekið til kostnaðar stefnanda af þessum þætti málsins við flutning um efni máls.
5. Málið var flutt um frávísunarkröfu stefndu 11. nóvember 2024 og tekið til úrskurðar að því loknu.

Málavextir

6. Ágreiningur málsaðila á rætur að rekja til rannsókna Samkeppniseftirlitsins á því hvort málsaðilar hefðu brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga, um bann við ólögmetu samráði keppinauta. Liggur fyrir að rannsóknin hefur verið verulega umfangsmikil að eðli og efni og hefur tekið langan tíma. Hvað stefnda Eimskip varðar lauk rannsókninni í júní 2021, með sátt sem fyrirtækið gerði við Samkeppniseftirlitið, þar sem stefndi viðurkenndi að hafa átt í samskiptum og samstarfi við stefnanda, sem hefði falið í sér brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins, auk þess að hafa brotið gegn 19. gr. samkeppnislaga með því að hafa ekki veitt nauðsynlegar eða réttar upplýsingar eða afhent gögn í þágu rannsóknarinnar. Var stefnanda í kjölfarið gerð stjórnvaldssekt að fjárhæð 1.500.000.000 króna.
7. Samkeppniseftirlitið lauk málinu hvað stefnanda varðar með ákvörðun 31. ágúst 2023 í máli nr. 33/2023 þar sem stefnanda og Samskip Holding BV var gert að greiða óskipt sekt að fjárhæð 4.000.000.000 króna vegna brota fyrirtækisins Samskipa gegn 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sbr. 37. gr. laganna. Jafnframt var þeim gert að greiða óskipt stjórnvaldssekt að fjárhæð 200.000.000 króna vegna brota Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga.
8. Stefnandi kærði framangreinda ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2023 til áfrýjunarnefndar samkeppnismála 27. september 2023 og krafðist þess aðallega að hún

yrði felld úr gildi en til vara sá hluti hennar að beita stefnanda viðurlögum og til þrautavara krafðist hann lækkunar sektarákvarðana. Liggur fyrir og er óumdeilt að kærumál þetta er enn til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála og að stefnandi hefur ekki greitt sektargreiðslur samkvæmt ákvörðun Samkeppnisstofnunar.

9. Stefnandi beindi erindi til stefnda Eimskipafélagsins í kjölfar úrskurðarins árið 2023 þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvernig hefði verið staðið að ákvörðun um að ganga til sáttar við Samkeppniseftirlitið og var stefndi jafnframt upplýstur um að til stæði að höfða mál til staðfestingar á bótaskyldu stefnda vegna þeirrar háttsemi að ganga til sáttar, þar sem stefnandi væri borinn röngum sökum. Stefndi hafnaði bótaskyldu. Af framangreindum ástæðum er mál þetta komið til dómsins til úrlausnar.

Helstu málsástæður stefndu er varða kröfu um frávísun

10. Stefnu neyttu heimildar 6. málsl. 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 7. gr. laga nr. 7/2015, til þess að leggja einvörðungu fram greinargerð um kröfu um frávísun. Um frávísunarkröfu sína vísa stefndu til fimm ástæðna, sem þeir telja að hver um sig og eftir atvikum þær allar saman eða sumar þeirra eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu.

Skortur á samaðild til sóknar

11. Í fyrsta lagi byggja stefndu á því að nauðsyn hafi borið til samaðildar í málinu til sóknar, og því sé ekki uppfyllt skilyrði 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er kveður á um nauðsyn samaðildar til sóknar. Rót málsins sé ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 33/2023, um að leggja stjórnvaldssektir á stefnanda og Samskip Holding BV, vegna brota „fyrirtækisins Samskipa“ samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005. Í 1. gr. ákvörðunarinnar komi fram að Samskip Holding BV, stefnandi og Jónar Transport hf. séu ein efnahagsleg eining og því eitt og sama fyrirtækið í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005 og að fyrirtækið sé því nefnt „Samskip“ í ákvörðuninni. Stefnanda og Samskip Holding BV sé með ákvörðuninni gert að greiða stjórnvaldssektirnar óskipt en stefnandi hafi ekki greitt stjórnvaldssektirnar. Þar sem greiðsluskyldan hvíli óskipt á stefnanda og Samskip Holding BV liggi heldur ekki fyrir að stefnandi muni greiða þessar stjórnvaldssektir, jafnvel þó kröfu hans fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála um ógildingu sektanna verði hafnað. Stefnandi og Samskip Holding BV eigi því sameiginlega hagsmuni af úrlausn málsins. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 eigi stefnandi og Samskip Holding

BV því óskipta aðild. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 beri að vísa máli frá dómi ef þeir sem eiga óskipt réttindi sækja ekki mál í sameiningu. Mál þetta sé einungis höfðað af stefnanda en ekki einnig af Samskip Holding BV, sem hafi augljósa hagsmuni af úrlausn þess og beri óskipta skyldu með stefnanda. Beri því að vísa málinu frá dómi.

Krafan eigi ekki undir dómstóla

12. Þá byggja stefndu á því að dómkrafan eigi ekki undir dómstóla, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991. Sakarefni málsins lúti að kröfum stefnanda um skaðabætur úr hendi stefndu, vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir eða hann telur sig munu verða fyrir vegna stjórnvaldssektar sem Samkeppniseftirlitið hefur gert honum að greiða vegna brota á samkeppnislögum. Slík sekt sé í eðli sínu refsikennd viðurlög, sem handhafi almannavalds hefur lagt á, og þann skilning hafi stefnandi viðurkennt í umfjöllun sinni í stefnu. Sá sem þarf að sæta slíku geti hins vegar ekki krafist annan um að greiða sektina. Byggist þetta á því almenna viðhorfi réttarskipunarinnar að hagsmunir sem verða til við ólögmeta háttsemi njóti ekki verndar skaðabótareglna, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 355/2009. Málið sé því skilið undan lögsögu dómstóla vegna eðlis þess, almennra grunnreglna laga og venju og beri því að vísa því frá dómi.

Málið eigi ekki undir dómstóla að svo stöddu

13. Þá byggja stefndu á því að málið eigi að svo stöddu ekki undir dómstóla og því beri að vísa því frá dómi. Um þetta vísa stefndu til þess að það leiði af grundvallarreglum réttarríkisins, eins og t.d. lögætisreglunni, að beiting hins opinbera á viðurlögum verði ekki einungis að byggjast á lögum heldur einnig á réttmætum ástæðum. Telji stefnandi sig hafa verið ranglega beittan stjórnvaldssekt af Samkeppniseftirlitinu eigi hann þess kost að skjóta þeirri ákvörðun til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem hann hafi þegar gert, og síðan bera málið undir dómstóla. Vefengi hann sönnunargildi sáttar þeirrar sem stefndi, Eimskipafélag Íslands hf., gerði við Samkeppniseftirlitið geti hann sýnt fram á meint óréttmæti þeirra ályktana sem Samkeppniseftirlitið dregur af sáttinni með almennri sönnunarfærslu og ef honum tekst það verður sektarákvörðun Samkeppniseftirlitsins að sjálfsögðu felld úr gildi. Fari svo, er ljóst að stefnandi verður ekki fyrir því tjóni, sem felst í greiðslu sektar, sem hann sækist nú eftir viðurkenningu á að stefndu hafi bakað honum. Af þeirri ástæðu er málið þannig vaxið að það á ekki að svo stöddu undir dómstóla en vera kann að eftir slíka úrlausn geti stefnandi krafist stefndu um skaðabætur

vegna fjártjóns við að halda uppi máli sínu, sem hann getur ekki sótt til yfirvalda, og hann kynni að telja sig hafa orðið fyrir vegna rangra fullyrðinga í sáttargerð stefnda, Eimskipafélags Íslands hf., við Samkeppnisyfirvöld. Auk þess liggur fyrir að stefnandi hafði ekki greitt sektina við höfðun málsins. Af framangreindum ástæðum sé ekki kominn sá tími að stefnandi geti borið mál undir dómstóla vegna þess sem hann telur hafa verið ranglega lagt til grundvallar í sáttinni. Leiði það beinlínis af ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að þegar svo er ástatt skuli vísa máli frá dómi.

Skilyrði þess að höfða megi málið sem viðurkenningarmál ekki uppfyllt

14. Þá byggja stefndu á því að ekki séu uppfyllt skilyrði fyrir því að höfða megi málið sem viðurkenningarmál. Krafa stefnanda sé viðurkenningarkrafa og virðist byggjast á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þó því verði ekki fundin stoð í stefnu. Allt að einu verði við úrlausn málsins að líta til þeirrar lagaheimildar enda ekki öðrum heimildum til að dreifa. Lagareglan, að því er tekur til skaðabótakrafna, sé undantekningarregla frá þeirri meginreglu að fjárhæð skaðabóta skuli tilgreind og rökstudd í stefnu, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. laganna. Í dómaframkvæmd hafi verið við það miðað að það sé skilyrði fyrir beitingu heimildar þessa ákvæðis að sá sem mál höfðar leiði nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni af nánar tilteknu tilefni og geri grein fyrir því í hverju tjónið felist og hver tengsl þess séu við atvik máls. Ekkert þessara skilyrða sé uppfyllt í málatilbúnaði stefnanda. Stefnandi hafi ekki leitt neinar líkur að því að hann hafi orðið fyrir „tjóni“ af nánar tilteknu tilefni, enda sé málið enn þá til meðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum og stefnandi viðurkennir það beinlínis í stefnu sinni. Þó að stefnandi geri grein fyrir því í stefnunni að „tjón“ hans kunni að felast í væntanlegri sektargreiðslu hefur hann alls ekki axlað þá kröfu að sýna fram á að „tjónið“ sé í tengslum við sáttargjörð stefnda, Eimskipafélags Íslands hf., enda liggur hvorki fyrir niðurstaða áfrýjunarnefndar samkeppnismála né dómstóla um að svo hafi verið. Tilvísun stefnanda til meints nánar tiltekings tjóns hans í fimm liðum, eins og það er skýrt í stefnu, geti ekki uppfyllt kröfur þær sem að framan eru tíundaðar og marka skilyrði þess að unnt sé að leita viðurkenningardóms fyrir skaðabótakröfu samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, vegna eftirtalinna ástæðna:

- a) Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni af nánar tilteknu tilefni með því að vísa til þess að hann hafi þurft að leggja út fé vegna vinnu

starfsmanna og stjórnenda við að safna upplýsingum og greina gögn í þeim tilgangi að „afsanna hinar fjölmörgu röngu staðhæfingar Samkeppniseftirlitsins og stefnda“. Nægi í því sambandi að vísa til þess að máli stefnanda fyrir samkeppnisyfirvöldum er ekki lokið, tilgreind vinna var vegna athugasemda við andmælaskjöl Samkeppniseftirlitsins og var því innt af hendi fyrir gerð sáttarinnar og óháð henni. Þá séu engin orsakatengsl á milli slíkrar vinnu stefnanda og sáttargerðarinnar, auk þess sem ljóst sé að Samkeppniseftirlitið hefði alltaf tekið ákvörðun í málinu þó ekki hefði komið til sáttargerðarinnar, sbr. úrskurð Landsréttar í máli nr. 862/2019.

- b) Hið sama eigi við um kostnað sem stefnandi telur sig hafa þurft að greiða vegna sérfræðipjónustu.
- c) Meint tjón stefnanda vegna sektarákvörðunar Samkeppniseftirlitsins hafi heldur ekki raungerst með þeim hætti að skilyrðið um tiltekið tjón sé uppfyllt vegna þess að stefnandi hefur ekki greitt sektina og málinu er ekki lokið.
- d) Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni á vörumerki, orðspori, ímynd og viðskiptavild, m.a. af sömu ástæðu.
- e) Stefnandi geti ekki talist uppfylla skilyrði fyrir því að mega hafa uppi viðurkenningarkröfu með tilvísun til óljósra og órökstuddra raka um að hann hafi orðið fyrir tjóni á samkeppnislegum hagsmunum vegna þess hvernig stefndi hafi „... nýtt sér sáttina“. Sé þar og sérstaklega til þess að líta að skilyrði 3. mgr. 3. gr. sáttarinnar er í eðli sínu tvíhliða og væri nauðsyn aðildar beggja aðila sáttarinnar að máli vegna þess.

Samkvæmt framansögðu blasi við að stefnanda er ekki tækt að höfða mál á grundvelli undantekningarheimildar 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 og beri því að vísa málinu frá dómi.

Málið sé vanreifað

15. Þá byggja stefndu á því að málatilbúnaður stefnanda sé vanreifaður. Samkvæmt e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal í stefnu greina m.a. málsástæður sem byggt er á og samkvæmt f-lið skal vísa til helstu lagaákvæða eða réttarreglna sem byggt er á. Algerlega skorti á að stefnandi hafi uppfyllt þessi ákvæði í stefnu varðandi þann málsgrundvöll sem hann hefur lagt málið í sem viðurkenningarkröfu. Þannig sé hvergi að sjá til hvaða lagaákvæða hann vísar um þann grundvöll og engan rökstuðning sé þar að finna um það hvers vegna hann geti farið fram með viðurkenningarkröfu sína. Málið sé því vanreifað að þessu leyti og verði ekki bætt úr á síðari stigum. Stefndu byggja sérstaklega á því að í stefnu sé með öllu vanreifað hvernig skilyrði skaðabótaréttar um orsakatengsl eigi að vera uppfyllt í málinu. Þannig hafi sáttargerðin hvorki verið nauðsynlegt né nægjanlegt skilyrði fyrir ákvörðun

Samkeppniseftirlitsins í málinu, en fyrir lá, áður en sáttaviðræður hófust, að ákvörðunar var að vænta í málinu, sbr. framangreindan úrskurð Landsréttar í máli nr. 862/2019.

16. Þá liggja fyrir, samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, að stefnandi gerði sjálfur a.m.k. í tvígang tilraun til að undirgangast sátt í málinu, þ.m.t. löngu fyrir undirritun sáttarinnar og strax í kjölfar hennar. Er þeirrar staðreyndar í engu getið í stefnunni og þ.a.l. í engu reifað hvernig hún samræmist ætluðum orsakatengslum sáttar stefnda, Eimskipafélags Íslands hf., við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Loks dregur sú staðreynd mjög úr trúverðugleika málatilbúnaður stefnanda um ætluð orsakatengsl að stefnandi beið í yfir tvö ár með að mótmæla þeim ætluðu staðhæfingum sem stefnandi telur felast í sáttinni, Stefndu benda einnig sérstaklega á að umfjöllun um ætlað tjón félagsins Jónar Transport hf. geti ekki komið til skoðunar án aðildar þess félags, auk þess sem ástæðu þess að það féll undir 3. mgr. 3. gr. megi eingöngu rekja til staðhæfingar stefnanda sjálfs gagnvart Samkeppniseftirlitinu, þess efnis að félagið væri „söludeild Samskipa“. Enn fremur benda stefndu sérstaklega á að þrátt fyrir ítrekaðar staðhæfingar í stefnu um eðli sáttar sem tvíhliða samkomulags, og ætluð brot Samkeppniseftirlitsins á eigin málsmeðferðarreglum, er með öllu vanreifað í stefnunni af hvaða ástæðum stefnandi telji sig geta sótt ætlað tjón á hendur stefndu eingöngu án aðildar Samkeppniseftirlitsins. Á þetta sérstaklega við um ætlað tjón vegna 3. mgr. 3. gr. sáttarinnar.
17. Loks benda stefndu á að umfjöllun um að gerð sáttarinnar hafi falið í sér brot gegn 11. gr. samkeppnislaga er með öllu vanreifuð í stefnunni. Bæði hvað það varðar að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt en ekki síst hvernig það megi vera að Samkeppniseftirlitið, sem hefur beinlínis það lögbundna hlutverk að framfylgja bannákvæði 11. gr., eigi að hafa brotið gegn ákvæðinu með gerð sáttarinnar. Benda verði á í því samhengi að gerð sáttarinnar er tvíhliða gerningur meðan 11. gr. laganna taki til einhliða háttsemi markaðsráðandi fyrirtækis.
18. Þá byggir stefndi, Vilhelm Már Þorsteinsson, sérstaklega á því að málatilbúnaður stefnanda á hendur honum sé vanreifaður. Stefnandi vísi um lagarök í því sambandi til almennu skaðabótareglunnar og reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitendaábyrgð og til þess að stefndi beri „... ábyrgð á saknæmri og ólögmati háttsemi starfsmanna sinna sem komu að ákvörðun um að ganga til sáttar...“. Stefndi, Vilhelm Már Þorsteinsson, telur að með þessum tilvísunum sé vísað til þess að meðstefndi, Eimskipafélag Íslands

hf., beri ábyrgð gagnvart stefnanda á þeirri háttsemi hans að undirrita sáttargjörðina við Samkeppniseftirlitið. Á engan hátt sé hins vegar vísað til þess í stefnu hvers vegna hann eigi jafnframt að bera persónulega ábyrgð á þeirri undirritun og sé gagnvart þessum stefnda því ekki uppfyllt skilyrði e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um að greina frá nauðsynlegu samhengi í því sambandi. Þá sé í stefnu ekki gerð grein fyrir þeirri staðreynd að þó stefndi Vilhelm hafi undirritað sáttina annist framkvæmdastjóri daglegan rekstur félagsins og það umboð taki ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, sbr. 68. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Er því vanreifað í stefnu hvernig undirritun sáttarinnar hafi bakað honum skaðabótaábyrgð.

19. Þá bendir stefndi Vilhelm á ákveðna mótsögn í málatilbúnaði stefnanda, sem leiða beri til frávísunar vegna vanreifunar. Í stefnu komi réttilega fram að stefndi Vilhelm hafi orðið forstjóri stefnda í janúar árið 2019 og hafi því ekki verið við stjórn félagsins á rannsóknartímabilinu 2008–2013. Þá greini þar og frá því að allnokkrir lykilstarfsmenn stefnda hafi horfið til annarra starfa og af þeim sökum hafi skapast nokkur fjarlægð milli núverandi stjórnenda og hluthafa við atvik í rekstri félagsins fyrir 11–16 árum. Þessar staðreyndir renni ekki stoðum undir það að stefndi Vilhelm hafi gefið yfirlýsingar eða undirritað sátt við Samkeppniseftirlitið gegn betri vitund, eða vitað eða mátt vita að yfirlýsingarnar væru efnislega rangar. Er þetta atriði í stefnunni því vanreifað. Þá er vísað til þess að með engu móti sé í stefnu gerð grein fyrir því hvernig ákvæði 1. og 2. mgr. 23. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993 horfa við kröfugerðinni gagnvart þessum stefnda en ljóst sé að hann geti ekki samkvæmt þeirri grein borið óskipta sakarábyrgð með meðstefnda, Eimskipafélagi Íslands hf.

Helstu málsástæður stefnanda hvað varðar kröfu um frávísun

Um skort á samaðild til sóknar

20. Stefnandi kveðst byggja á því að ákvæði 18. gr. laga nr. 91/1991 standi málssókn hans ekki í vegi. Ákvæðið eigi við þegar fleiri en einum er skylt að standa saman að málssókn og hafi verið talið eiga við þegar menn eiga óskipt réttindi eða bera óskipt skyldu. Því sé ekki fyrir að fara í máli þessu. Stefnandi eigi rétt til þess að sækja kröfur sínar óháð því hvort móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar kjósa að gera það eða ekki. Þá þurfi að taka mið af því hvers konar krafa er höfð uppi í málinu og hvaða áhrif hún kann að hafa á hagsmunum annarra réttihafa. Í þessu tilviki sé ekki verið að krefjast

ógildingar ákvörðunar sem hafi áhrif á fleiri en stefnanda. Niðurstaða þessa máls sé ekki til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni annarra sem kallaði á aðild þeirra að málinu. Aðstaðan sé sú að stefnandi telji ólögmetra háttsemi stefndu hafa bakað sér tjón sem stefnandi geti sótt án atbeina annarra í samstæðunni. Þá vísi stefnandi til þess að um viðurkenningarkröfu sé að ræða, ekki sé krafist aðfararhæfs dóms og því sé svigrúm stefnanda meira hvað aðildina varðar.

Krafan eigi ekki undir dómstóla

21. Hvað þá málsástæðu stefndu varðar að krafan eigi ekki undir dómstóla kveður stefnandi hana grundvallast á rangri afmörkun sakarefnis málsins. Ekki sé um það að ræða að stefnandi krefjist viðurkenningar á bótaskyldu vegna sektarinnar sem honum kann að verða gerð, heldur sé undirrót málsins sáttin sem stefndi gerði við Samkeppniseftirlitið, og þær ásakanir sem þar eru settar fram, þær yfirlýsingar sem gefnar voru og réttmæti þeirra.

22. Kveðst stefnandi byggja á því að sú háttsemi stefndu að ganga að sáttinni hafi verið ólögmet og leitt til tjóns fyrir stefnanda, m.a. í formi sektarákvörðunar, sem þó sé aðeins eitt dæmi um afleiðingar hinnar ólögmetu háttsemi stefndu ef til greiðslu hennar kemur. Tjónið felist í fleiru, svo sem útlögðum kostnaði, tjóni á vörumerki, orðspori og ímynd, kostnaði við að halda uppi málsvörn vegna bótakrafna og tjóni á samkeppnislegum hagsmunum. Lýsing stefndu á því að tilgangur málshöfðunarinnar sé að fá stefndu til að greiða sektargreiðslu fyrir stefnanda sé því röng lýsing á sakarefninu, stefnandi eigi rétt á að fá mat á því hvort fullyrðingar stefndu í sáttinni séu rangar, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð sakamála.

Málið eigi ekki undir dómstóla að svo stöddu

23. Stefnandi kveður hið sama eiga við um þá málsástæðu stefndu að málið eigi ekki undir dómstóla að svo stöddu, þ.e. að sakarefnið sé ekki afmarkað með réttum hætti af hálfu stefndu. Tjón stefnanda felist ekki einvörðungu í mögulegri sekt heldur sé mun víðtækara en svo. Stefnandi hafi nú þegar orðið fyrir umtalsverðu tjóni og skakkaföllum vegna háttsemi stefndu. Ekki liggi enn fyrir hversu umfangsmikið það tjón muni verða en í því sambandi megi nefna að nú þegar hafi aðilum þessa máls verið stefnt til greiðslu bóta sem muni hafa í för með sér kostnað og tjón fyrir stefnanda. Þá séu fleiri slík mál í

farvatninu vegna yfirlýsingar stefndu í umræddri sátt. Þrátt fyrir að tjón stefnanda sé ekki orðið að fullu standi það ekki í vegi fyrir því að hann leiti dóms um viðurkenningu á bótaskyldu. Endanleg fjárhæð bóta sé vissulega háð atvikum til framtíðar en ekki viðurkenningarkrafan sem slík. Heimilt sé að leita dóms um viðurkenningu bótaskyldu, með því að sýna fram á líklegt tjón og samhengi við umþrætt atvik. Þá áréttaði lögmaður stefnanda að eftir atvikum kynni að koma til skoðunar hvort máli þessu yrði frestað á grundvelli heimildar 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991, þ.e. ef til þess kæmi að endanleg ákvörðun áfrýjunarnefndar samkeppniseftirlitsins í máli stefnanda yrði lögð undir dómstóla. Af framangreindu leiddi að stefnandi ætti rétt til þess að fá leyst úr sakarefni málsins.

Um skilyrði þess að höfða megi málið sem viðurkenningarmál

24. Stefnandi kveðst byggja á því að skilyrði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 séu fyrir hendi og leggja áherslu á að ákvæðið hafi ekki að geyma undantekningarheimild heldur veiti það sérstaka heimild til að leita viðurkenningardóms. Á grundvelli þess hafi stefnandi máls val um hvort leitað er viðurkenningar á réttindum eða aðfararhæfs dóms.
25. Skilyrði þess að höfða viðurkenningarmál séu þau að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um tilvist eða efni réttarsambands og þá verði að leiða líkur að því að tjón hafi orðið. Af dómaframkvæmd megi ráða að ekki þurfi að færa fram endanlega sönnun fyrir tjóni eða umfangi þess í slíku máli. Þá megi undir rekstri máls færa frekari sönnun á það, t.d. með matsgerð. Stefnandi hafi í stefnu rökstutt ítarlega í hverju tjón hans felist, m.a. í vinnu starfsmanna og aðkeyptri vinnu sérfræðinga í kjölfar þess að stefndu gerðu hina umræddu sátt og í líkum á því að vörumerki hans, orðspor ímynd og viðskiptavild hafi af sömu ástæðu orðið fyrir tjóni. Þá hafi stefnandi leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni á samkeppnislegum hagsmunum sínum. Einnig hafi stefnandi sett fyrirvara í stefnu um frekari sönnunarfærslu undir rekstri málsins, m.a. eftir atvikum með öflun mats. Beint orsakasamband sé milli þess að stefndi gekk til sáttarinnar og tjóns stefnanda. Þá kveðst stefnandi hafna því að þörf sé á aðild Samkeppniseftirlitsins að málinu, enda felist hin ólögmetta háttsemi sem málið varði ekki í rannsókn eftirlitsins heldur yfirlýsingu stefndu.

Um meinta vanreifun

26. Stefnandi kveðst mótmæla því sem röngu og tilhæfulausu að málið sé vanreifað. Málgrundvöllur stefnanda sé mjög skýr, málsástæður sem málssóknin er byggð á og önnur atvik komi skýrt fram í stefnu og samhengi málsástæðna sé ljóst. Þar greini skýrlega á hvaða reglum bótagrundvöllur stefnanda sé reistur, hvaða háttsemisreglur hafi verið brotnar, í hverju hin saknæma háttsemi felist og hvernig hin saknæma og ólögmeta háttsemi hafi leitt til tjóns fyrir stefnanda.
27. Hvað varði f-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um tilvísun til lagaákvæða áréttar stefnandi að ekki sé þörf á tæmandi lýsingum á lagarökum í stefnu, og þeim sé auk þess lýst með greinargóðum og ítarlegum hætti.
28. Hvað varði meinta vanreifun á orsakatengslum kveður stefnandi það grundvallast á rangri afmörkun stefndu á sakarefni málsins. Tjónið sjálft sé afleiðing af röngum yfirlýsingum stefndu í sáttinni. Þá sé ekki byggt á því að Samkeppniseftirlitið hafi farið gegn 11. gr. samkeppnislaga og því standi málið hvorki né falli með meintri vanreifun á því ákvæði.
29. Þá kveður stefnandi engri vanreifun fyrir að fara hvað varði þátt stefnda Vilhelms Mús Þorsteinssonar. Fyrir liggi að stjórnendur geti borið ábyrgð á gerðum sínum. Hvað hann varði persónulega sé byggt á öllum sömu málsástæðum og endranær auk þess sem hann hefði stöðu sinnar vegna átt að þekkja þá vinnu sem fram hafði farið hjá stefnda og þær skýringar sem höfðu verið færðar fram áður um ætluð brot félagsins gegn samkeppnislögum. Þrátt fyrir það hafi hann undirritað sáttina
30. Að framansögðu virtu beri að hafna kröfu stefndu um að málinu verði vísað frá dómi.

Niðurstaða:

31. Stefndu lögðu fram greinargerð í málinu, með vísan til 6. málslíðar 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 7. gr. laga nr. 7/2015, þar sem kveðið er á um að krefjist stefndi þess að máli verði vísað frá dómi sé honum heimilt að leggja fram greinargerð einungis um þá kröfu, enda sé hún lögð fram innan fjögurra vikna frá þingfestingu málsins. Málið var þingfest 16. apríl s.l. Greinargerð stefndu var lögð fram á dómþingi 14. maí s.l. og kom því fram innan fjögurra vikna frá þingfestingu málsins. Er því fullnægt framangreindu skilyrði 6. málslíðar 2. mgr. 99. gr. laga um meðferð einkamála.

32. Sem fyrr segir styðja stefndu kröfu sína um frávísun málsins við fimm málsástæður sem hver um sig og eftir atvikum allar saman eða sumar þeirra eigi að leiða til frávísunar málsins. Því er stefnandi ósammála og telur engar þær málsástæður eiga við og því beri að hafna kröfunni.

Um nauðsyn samaðildar til sóknar

33. Um skyldu aðila til að standa saman að málssókn er fjallað í 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt því ber aðilum sem eiga saman óskipt réttindi eða bera saman óskipta skyldu að standa saman að málssókn. Er ástæða þess sú að dómur um réttarstöðu þeirra hefur óhjákvæmilega, vegna þessa, bein eða óbein áhrif á hagsmuni hvers og eins þeirra. Af framangreindu leiðir að mat á því hvenær skylt er að hafa samaðild að máli ræðst í raun og veru af reglum efnisréttar og því nauðsynlegt að svara því hvort unnt sé að skilja nægilega milli réttinda hvers og eins þannig að hver og einn þeirra geti sótt sín réttindi sérstaklega í dómsmáli eða ekki.

34. Í hinni umþrættu sátt sem stefnandi vísar til um grundvöll kröfu sinnar segir m.a.: - „Samkeppniseftirlitið hefur haft til rannsóknar ætluð brot Eimskips og Samskipa hf., Jóna Transport hf., Samskipa Holding BV og tengdra félaga (hér eftir „Samskip“) gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins, sbr. 2. mgr. laga nr. 2/1993.“ Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er sömuleiðis rökstutt sérstaklega að í ákvörðuninni teljist Samskip Holding BV, Samskip hf. og Jónar Transport hf. vera ein efnahagsleg einnig og því eitt og sama fyrirtækið í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Þá kemur þar fram að rannsóknin taki til háttsemi fyrirtækjanna á mörkuðum fyrir sjóflutninga, landflutninga og tengda þjónustu, að meginstefnu á tímabilinu frá árinu 2008–2013.

35. Með umræddri sátt gekkst stefndi við því að hafa á framangreindu tímabili átt í samskiptum og samstarfi við stefnanda, Samskip, í framangreindum skilningi sem hafi falið í sér alvarleg brot á samkeppnislögum.

36. Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins 23. ágúst 2021 í máli nr. 33/2023 var stefnanda gerð sekt vegna samkeppnislaga brota. Er sektarákvörðun Samkeppniseftirlitsins með þeim hætti að Samskipum Holding BV og Samskipum hf. er þar gert að greiða álagðar stjórnvaldssektir vegna brota Samskipa óskipt.

37. Stefnandi lagði á það áherslu í málflutningi um frávísunarkröfu stefndu að

sektarákvörðunin sem slík væri ekki þungamiðja málsins heldur ætti krafan rót í sáttargerðinni sjálfri sem slíkri og því tjóni sem stefndi hefði með gerð hennar bakað stefnanda, óháð öðrum félögum innan samstæðunnar eða því hvort þau félög kysu að sækja kröfur sínar eða viðurkenningu á rétti sínum úr hendi stefndu.

38. Í stefnu málsins er hvergi gerð sérstök grein fyrir því hvers vegna stefnandi kýs að standa einn að málssókn sinni, þrátt fyrir að svo virðist sem það sé óumdeilt að hin umþrætta sátt beinist að fleiri félögum tengdum stefnanda, félögum sem eru sérstakar lögpersónur og stefnandi kveður hafa orðið fyrir tjóni vegna sáttarinnar sömuleiðis. Þá liggur og fyrir að þær skyldur sem Samkeppniseftirlitið lagði á stefnanda með ákvörðun sinni í máli nr. 33/2023 hvíla ekki á stefnanda einum og að stefnandi ber greiðsluskyldu samkvæmt þeirri ákvörðun óskipt með Samskipum Holding HV, sem ekki á aðild að málinu. Þrátt fyrir að fallast megi á það með stefnanda að niðurstaða máls þessa muni ekki hafa neikvæð áhrif á hagsmunum annarra félaga innan samsteypunnar verður að öllu framansögðu virtu fallist á það með stefndu að verulega skorti á að aðild stefnanda eins að máli þessu sé rökstudd eða skýrð með nægilegum hætti og er málið því vanreifað að því leyti. Nægir sú vanreifun að mati dómsins ein og sér til þess að vísa beri málinu frá dómi.

Dómkrafan eigi ekki undir dómstóla

39. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála hafa dómstólar vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé skilið undan lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu. Eigi sakarefni ekki undir dómstóla vísar dómari máli frá dómi. Samkvæmt þessu er það frumskilyrði þess að úr sakarefni verði leyst fyrir dómi að um það gildi réttarreglur sem veitt geti málsaðilum lögvarinn rétt til þeirra hagsmuna sem þeir krefjast.
40. Stefndu vísa í þessu efni til þess að stefnandi freisti þess með málshöfðun sinni að fá stefndu til að greiða stjórnvaldssekt sem stefnanda hefur verið gerð af hálfu handhafa almannavalds. Stefnandi hafnar því og vísar til þess að undirrót málssóknarinnar sé ekki sektin sjálf, ekki ákvörðun Samkeppniseftirlitsins, heldur sáttin sem stefndu gerðu og það sem efnislega kemur þar fram. Sektin sé aðeins eitt dæmi um afleiðingar þeirrar háttsemi stefndu fyrir stefnanda.

41. Þrátt fyrir að hluti þess tjóns sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna athafna stefndu sé sektargreiðslan sem stefnanda var gerð ber til þess að líta að stefnandi byggir á því sömuleiðis að hann hafi orðið fyrir margvíslegu öðru tjóni í formi kostnaðar og neikvæðra afleiðinga fyrir vörumerki, orðspor og ímynd félagsins. Með vísan til þess verður ekki fallist á það með stefndu að sakarefni málsins, eins og því er lýst í stefnu, sé undanþegið valdi dómstóla í þeim skilningi að ekki verði lagður á það dómur. Verður þessari málsástæðu stefndu því hafnað.

Málið á ekki að svo stöddu undir dómstóla

42. Stefnandi freistar þess með málshöfðun þessari að fá viðurkenningu á bótarétti sínum úr hendi stefndu á þeim grundvelli að stefndu hafi sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi með því að gefa rangar og villandi yfirlýsingar í sátt við Samkeppniseftirlitið. Kveður stefnandi hverja og eina yfirlýsingu stefndu í þeirri sátt saknæmt og ólögmætt atvik er leiði til bótaskyldu og að skuldbinding stefndu í sáttinni um að hætta viðskiptalegu sambandi við stefnanda teljist sjálfstætt bótaskyld atvik. Byggir stefnandi á því að sáttin og yfirlýsingar stefndu í henni hafi verið lykilgagn í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins gagnvart stefnanda. Kveðst stefnandi hafa orðið fyrir margvíslegu tjóni af þessu nú þegar og ekki sé útséð um hvert það kunni að verða. Þá kveður stefnandi að á þessu stigi sé enn óvíst hvort rangar sakargiftir stefndu muni í reynd leiða til tjóns fyrir stefnanda í formi sektarákvörðunar.

43. Stefnandi hefur skotið ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hvað hann varðar til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og er málið þar til meðferðar. Ágreiningslaust er að stefnandi hefur ekki greitt sektina sem félaginu var gerð.

44. Stefnandi krefst í máli þessu viðurkenningar á því að stefndu hafi bakað sér tjón með gerð sáttarinnar við Samkeppniseftirlitið. Tilgangur málshöfðunar þessarar sé hins vegar ekki sá að fá ákvörðun Samkeppniseftirlits, sem stefnandi kveður að miklu leyti hafa grundvallast á þeirri sátt, hnekk. Sem fyrr segir er upplýst að stefnandi hefur samhliða þessari málshöfðun áfrýjað ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli stefnanda til áfrýjunarnefndar samkeppnismála í því skyni að fá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hrundið. Ætla má að röksemdir stefnanda sem lúta að því að stefndu hafi farið ranglega með staðreyndir undir rannsókn Samkeppniseftirlitsins á félögunum komi til skoðunar við meðferð áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem og þær ályktanir sem

Samkeppniseftirlitið dró af þeim og efni sáttarinnar. Verður ekki hjá því komist að líta svo á að með málssókn þessari freisti stefnandi þess að fá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins endurskoðaða að þessu leyti með atbeina dómstóla, meðan mál hans er enn til meðferðar á stjórnisýslustigi. Þá liggur í hlutarins eðli að allt annað tjón en sektargreiðslan sjálf, sem stefnandi vísar til og kveður sig þegar hafa orðið fyrir og sé enn að raungerast, er sömuleiðis háð sama mati á atvikum í heild og nú þegar sætir endurskoðun. Hver niðurstaða þess mats verður liggur ekki fyrir en fyrr getur sá tími ekki verið kominn að stefnandi geti lagt mál sitt um meinta bótaskyldu stefndu undir dómstóla. Af framangreindum ástæðum fellst dómurinn á það með stefndu að sá tími sé ekki kominn að stefnandi geti borið málið undir dómstóla og því beri að vísa málinu frá dómi, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991.

Um skilyrði þess að höfða megi mál til viðurkenningar bótaskyldu

45. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 er heimilt að höfða mál til viðurkenningar á kröfu, að því gefnu að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af því að fá niðurstöðu um slíkt. Hefur áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni verið skýrður svo í dómum Hæstaréttar að sá sem höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni og geri grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við atvik máls, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 55/2022 frá 19. desember 2022. Sömuleiðis þarf málatilbúnaður stefnanda að uppfylla önnur réttarfarsskilyrði, svo sem um ljósa og ákveðna kröfugerð og fullnægjandi reifun á málatilbúnaði eftir ákvæðum 80. gr. laga nr. 91/1991.

46. Þrátt fyrir að stefnandi byggi á því að ákvörðun stefndu um að gera sátt við Samkeppniseftirlitið sé grundvallarforsenda málatilbúnaðar hans en ekki ákvörðunin sem slík gagnvart stefnanda verður ekki litið hjá því samhengi sem þar er milli atvika. Stefnandi byggir enda sjálfur á því að umþrætt sátt hafi verið mikilvægt innlegg í rannsóknina gagnvart stefnanda og áréttar að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hafi um það bil 500 sinnum verið vísað til sáttar stefndu um einstök atvik. Leitar stefnandi nú eftir viðurkenningu á því að gerð sáttarinnar hafi valdið honum tjóni óháð sektargreiðslunum, sem sæta sem fyrr segir endurskoðun. Niðurstaða málsins hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála, hver sem hún verður, hlýtur þó að virtum atvikum og málatilbúnaði stefnanda í heild sinni að marka grundvöll bótakröfu stefnanda í máli

þessu. Þrátt fyrir að stefnandi hafi vísað til þess að aðeins nægi að leiða líkur að því að tjón hafi orðið er óhjákvæmilegt að horfa til þessa og þess að enn sem komið er ríkir alger óvissa um lyktir máls stefnanda hjá stjórnvöldum og mögulega dómstólum og þess að allt meint tjón stefnanda og málatilbúnaður hans um orsakatengsl þess við sátt þá sem stefndu gerðu er háð þeirri niðurstöðu sem þar verður. Að framangreindu virtu, og með vísan til þeirra röksemda er áður greindi varðandi það að málshöfðun stefnanda sé ekki tímabær, telur dómurinn ljóst að stefnanda hafi ekki lánast að sýna fram á að sú háttsemi stefndu sem vísað er til um bótagrundvöll málsins hafi nú þegar orðið honum til tjóns. Stefnandi hafi því ekki leitt líkur að því að tjón hafi í raun orðið, sem er skilyrði fyrir því að neytt verði heimildar 2. mg. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að leita dóms um viðurkenningu á skaðabótaskyldu.

Málatilbúnaður stefnanda sé vanreifaður

47. Samkvæmt e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 skal í stefnu greina svo glöggt sem verða má þær málsástæður sem stefnandi byggir málssókn sína á, svo og önnur atvik, sem þarf að greina til þess að samhengi málsástæða verði ljóst, en þessi lýsing skal vera gagnorð og skýr svo ekki fari milli mála hvert sakarefnið er. Þá skal samkvæmt fyrirmælum f-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 vísa til helstu lagaákvæða og lagareglna sem stefnandi byggir málatilbúnað sinn á. Samkvæmt framansögðu þarf lýsing á málsástæðum og atvikum að vera svo skýr að ekki fari milli mála hvert sakarefnið er, en ella telst sakarefni málsins ekki nægilega afmarkað. Þarf því að liggja glöggt fyrir hvaða atburður eða atvik býr að baki kröfu og hvað felst í þeim atvikum sem leiði til þess að krafa málsins hafi orðið til.
48. Stefnandi máls þessa hefur gert grein fyrir kröfum sínum og málatilbúnaði í mjög ítarlegri stefnu. Þar gerir stefnandi grein fyrir málavöxtum eins og þeir horfa við honum og rekur þar gang rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á ætluðum brotum stefnanda og stefndu. Þá gerir stefnandi þar grein fyrir sátt þeirri sem stefndu og Samkeppniseftirlitið gerðu í júní 2021 og helstu efnisatriðum hennar og gerir grein fyrir þeim áhrifum sem stefnandi telur þá sátt hafa haft á rannsókn Samkeppniseftirlitsins gagnvart stefnanda.
49. Um málsgrundvöll og málsástæður fjallar stefnandi í löngu máli í stefnu og kveður þar stefndu hafa sýnt af sér saknæma og ólögmdæta háttsemi með því að gefa rangar og villandi yfirlýsingar í sáttinni. Tjón sitt sé bein afleiðing þeirrar háttsemi og vísar

stefnandi um það einkum til almennu skaðabótareglunnar og reglu skaðabótaréttarins um vinnuveitendaábyrgð vegna starfsmanna stefnda Eimskips sem að gerð sáttarinnar komu. Byggir stefnandi nánar á því að stefndu hafi gerst sekir um rangar sakargiftir gagnvart stefnanda sem varði við tilgreind ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940, nánar tiltekið einkum 145.–149. gr. laganna. Sömuleiðis kveður stefnandi staðhæfingar stefndu í sáttinni fara gegn 2. mgr. 41. gr. b, sbr. 19. gr. samkeppnislaga, auk þess sem stefndu hafi með háttsemi sinni brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga og 54. gr. EES-samningsins. Þá kveður stefnandi stefndu hafa farið gegn lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með gerð sáttarinnar og yfirlýsingum sínum. Gerir stefnandi svo í löngu máli í stefnu grein fyrir málsástæðum sínum er varða efni hinnar umþrættu sáttar og einstakar yfirlýsingar stefndu er þar koma fram og með hvaða hætti stefnandi telur þar röngu máli hallað. Þær yfirlýsingar telur stefnandi, og byggir á í málinu að hafi verið gefnar gegn betri vitund, að feli í sér saknæma háttsemi stefndu.

50. Þrátt fyrir hinar ítarlegu útlistanir stefnanda á þeirri meintu saknæmu háttsemi stefndu sem málið grundvallast á verður að fallast á það með stefndu að stefnandi hafi ekki gert grein fyrir meintu tjóni sinni í stefnu með nákvæmum hætti. Upptalning þeirra þátta sem stefnandi telur tjón sitt felast í nægir ekki í því sambandi, né heldur umfangsmikil gagnaframlagning sem ekki er sérstaklega vísað til í stefnu þannig að rennt hafi verið stoðum undir tilvist eða umfang hins meinta tjóns. Umfangsmikil gagnaframlagning með stefnu nægir ekki í því sambandi, enda ekki sérstaklega vísað til einstakra málsgagna um hvern og einn þátt þess tjóns sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir. Af þeim sömu ástæðum verður ekki séð að stefnandi hafi gert nægilega grein fyrir orsakatengslum milli hinnar umdeildu sáttargerðar og þess tjóns sem hann krefst viðurkenningar á, sem þó er grundvallaratriði málssóknar hans.. Með vísan til framangreinds verður fallist á það með stefndu að stefnandi hafi ekki uppfyllt skilyrði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 til þess að honum sé unnt að höfða mál til viðurkenningar á kröfu sinni sakir vanreifunar og því beri að vísa málinu frá dómi.

51. Hvað varðar þátt stefnda Vilhelms Más Þorsteinssonar sérstaklega verður fallist á það með stefndu að grundvöllur bótaábyrgðar hans í málinu sé vanreifaður. Ekki sé með fullnægjandi hætti gerð grein fyrir því hvernig sú háttsemi hans að undirrita sáttina hafi farið gegn skyldum hans eða umboði samkvæmt 2. mgr. 68. gr. laga um hlutafélög eða eftir atvikum að öðru leyti.

52. Að öllu framansögðu virtu er óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá dómi. Að virtri niðurstöðu málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefndu sameiginlega málskostnað, eins og krafist er, sem að mati dómsins þykir hæfilega ákveðinn 2.800.000 krónur.
53. Ekki tókst að kveða upp úrskurð innan fjögurra vikna frá því að málið var tekið til úrskurðar og var því gætt áskilnaðar 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála; dómari og lögmenn málsaðila töldu ekki þörf á endurflutningi.
54. Bergþóra Ingólfssdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Samskip hf., greiði stefndu, Eimskipafélagi Íslands hf. og Vilhelm Má Þorsteinssyni, sameiginlega 2.800.000 krónur í málskostnað.

Bergþóra Ingólfssdóttir